

108

15. júní

13. gr.

Hreppstjórar og hundahreinsunarmenn skulu árlega áminna hreppsþúa um að taka alla sulli og meinsemdir er finnast í sláturfje og annaðhvort brenna eða grafa djúpt í jörðu niður; eins skal farið með hausa af höfuðsóttarfje.

14. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða hreinsunarmenn 5—50 kr. sekt, en almenning 5—20 kr. sekt, og ákveður sýslumaður sektina eftir málavöxtum. Ljósti annar en hreppstjóri upp broti, fær hann helming sektar, en hinn helmingurinn rennur í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Hreppstjórar skulu gæta þess vandlega, að reglugjörð þessari sje fylgt.

15. gr.

Með mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

16. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1918 og er frá sama tíma úr gildi numin reglugjörð um hundalækningar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 27. apríl 1898.

Samþykkt af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á aðalfundi 10. apríl 1918.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 15. júní 1918.

P. V. Bjarnason.

109

6. apríl

Auglýsing

um yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. Umdæmi: Húsavíkur og Tjörnesshreppar
2. — Aðaldælahreppur
3. — Reykdælahreppur
4. — Skútustaðahreppur
5. — Bárðdælahreppur
6. — Ljósavatnshreppur
7. — Hálshreppur
8. — Flateyrarhreppur og Þönglabakkasókn
9. — Grýtubakkahreppur nema Þönglabakkasókn
10. — Svalbarðsstrandahreppur.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, Húsavík, 6. apríl 1918.

Steingrímur Jónsson.